

**VEL** **Á** **VEGI STÖDD**  
í vinnunni

MYTIA HÖSÍÐ / SÍA-8987



UMFERÐARSTOFA

## Aðferðafræði til að gera starfsumhverfi þeirra sem hafa akstur að atvinnu sem öruggast

Umferðin er snar þáttur í daglegu lífi flestra. Þeir eru margir sem stunda störf sem fela í sér að þeir eru í umferðinni frá morgni til kvölds, árið um kring. Mikilvægt er að skapa þeim eins traust og öruggt starfsumhverfi og kostur er. Þess vegna hefur Umferðarstofa ákveðið að kynna aðferðafræði til að auka umferðaröryggi á meðal atvinnubílstjóra.

Aðferðafræðin, sem ber yfirskriftina *Vel á vegi stödd í vinnunni*, miðar að góðu samstarfi starfsfólks annars vegar og forráðamanna fyrirtækja hins vegar til að ná sameiginlegum markmiðum beggja um aukið öryggi í umferðinni.

Umferðarstofa býður fyrirtækjum sem eru með ökutæki í rekstri samstarf með það að markmiði að efla öryggi í umferðinni. Boðið er upp á fræðslufundi þar sem farið verður yfir ýmsa þætti er stuðla að bættu umferðar-öryggi. Verkefnið er fyrirtækjunum algjörlega að kostnaðarlausu.

## Hvers vegna?

### Rekstrarkostnaður vegna ökutækja lækkar.

- Minni eldsneytiskostnaður
- Minna viðhald
- Minna dekkjaslit
- Færri tjón – tryggingariðgjöld lækka

### Starfsmenn búa við meira öryggi

Markmið hvers fyrirtækis er að starfsmenn búi við sem mest öryggi. Það á að vera hluti af stefnu viðkomandi fyrirtækis.

### Skapar viðkomandi fyrirtæki eða stofnun jákvæða mynd

Oft eru ökutæki í eigu fyrirtækja vel merkt og þess vegna áberandi. Ef þeim er ekið vel hefur það jákvæð áhrif á afstöðu fólks til fyrirtækisins, en sýni ökumenn af sér takmarkaða varúð getur það haft í för með sér að almenningur fái neikvætt álit á fyrirtækinu og vilji jafnvel síður eiga viðskipti við það.

## Verkefnið beinist að:

- Ökumönnum
- Ökutækjunum
- Stjórnendum fyrirtækja

## Ökumaðurinn

- Almenn tillitssemi
- Ökuhraði
- Notkun öryggisbúnaðar
- Áfengi, lyf og akstur
- Farsímanotkun
- Val á ferðaleiðum
- Ferðaáætlanir

## Ökutækið

- Viðhald
- Bilanir séu tilkynntar
- Viðgerð eigi sér stað

## Hvað þarf til að hefja verkefnið?

- Áhuga og framtak stjórnenda
- Samvinnu við starfsmenn
- Raunsæ markmið
- Góða og vel fram setta starfsáætlun
- Vel skilgreinda ábyrgð allra sem að verkinu koma

## Fræðsla og hæfni

Í upphafi verkefnisins er boðið upp á fræðslufundi með starfsmönnum í því skyni að auka hæfni þeirra í umferðinni. Þekking er forsenda þess að breyta viðhorfi fólks og atferli. Meðal annars er fjallað almennt um umferðaröryggismál, aðferðafræði verkefnisins og þann ábata sem starfsmenn koma til með að hafa af bættu aksturslagi.

## Áfangar við framkvæmd verkefnisins:

- Hvar stöndum við?
- Hvert stefnum við?

## Ákvarðanataka

- Framkvæmd og skipulag
- Árangursmat

Þeir forráðmenn fyrirtækja sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu verkefni Umferðarstofu geta leitað frekari upplýsinga hjá starfsmönnum umferðaröryggissviðs Umferðarstofu í síma 580 2000.